

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133 / 525
komudagur 1. 12. 2006

Reykjavík, 30.11. 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Heyrnar og- talmeinstöð, 274 mál.

Heyrnartækni var með bréfi dags. 10. nóvember boðið að veita þessa umsögn.

Almennt um frumvarpið

Frumvarpinu virðist einkum ætlað að þjóna þeim formlega tilgangi að fella út úr lögum um heilbrigðisþjónustu og flytja í sérlög þau ákvæði sem um ræðir. Miklu mikilvægara væri þó, að mati undirritaðs, að nálgast málefni heyrnarlausra, heyrnarskertra og þeirra sem eru með heyrnar- og talmeinstöð frá hagsmunum viðkomandi fólks. Í fyrsta lagi má nefna, í þessu sambandi, að frumvarpið tekur á engan hátt á ýmsum vanda þessa fólks sem nú er til staðar, t.d. þeim að verulegs ójafnræðis gætir milli þeirra sem búa úti á landi og eiga í raun ekki sömu möguleika á niðurgreiðslu heyrnartækja og þeir sem búa í byggðunum næst þjónustustöðvum Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar í Reykjavík og á Akureyri. Meðfylgjandi er samantekt þessu lútandi. Í öðru lagi tekur frumvarpið ekki á því vandamáli að það fé sem veitt er til niðurgreiðslu heyrnartækja dugar engan veginn til þess að niðurgreiða þau tæki sem kaupendum þeirra eru nauðsynleg. Þá mætti frumvarpið að ósekju mæla almennt fyrir um þær kröfur sem gera verður til þeirra sem þjónusta viðkomandi fólk, innan sem utan Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar og hvort heldur sem viðkomandi starfa skv. samningi sbr 7. gr. frumvarpsins, eður ei.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

2. gr.

Lagt er til að felld verði niður skammstöfunin m.a. í aðfararorðum að upptalningu 1. mgr. til samræmis við það sem segir í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins. Þar segir að hlutverkalýsing H&T sé efnislega óbreytt frá núgildandi lögum. Með skammstöfunni m.a. er gefið færi á útvíkkun starfseminnar, án þess að leiðbeining sé gefin um það innan hvaða marka slík útvíkkun geti verið.

5. gr.

Með vísan til þess að viðskiptamenn félagsins vitta um landið eru margir, sbr. meðfylgjandi yfirlit, og hagsmunir þeirra ríkir af því að þeir njóti jafnræðis gagnvart viðskiptavinum H&T er eðlilegt að mati undirritaðs að Heyrnartækni verði haft til samráðs við setningu reglugerðar um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki.


Þá væri að mati undirritaðs eðlilegt að afnema geðþóttavald ráðherra til þess að ákveða í reglugerð mismunandi rétt fólks til greiðsluþátttöku ríkisins eftir því hvort það á viðskipti við Heyrnar- og talmeinstöð eða við þann sem falið er með samningi að veita slíka þjónustu, sbr. 7. gr. Undirritaður þekkir af eigin reynslu að slík mismunun á sér stað.

7. gr

Inntak þessa ákvæðis er fremur óljóst, sérstaklega eftir að felld eru niður ákvæði 37. gr. b laga 97/1990 þar sem er að finna vísir að faglegum kröfu til þeirra sem viðkomandi þjónustu mega veita. Í frumvarpinu er ekki að finna slíkar faglegar kröfur og heldur ekki í þeim frumvörpum sem flutt eru samhliða þessu frumvarpi, þ.e. frumvarpi til laga um landlæknisembættið og frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu. Eðlilegt sýnist að slíkar kröfur kæmu fram í lögum, a.m.k. að viðkomandi leyfishafi hafi í þjónustu sinni heyrnarfræðing sem lokið hefur viðurkenndu prófi hjá háskóla. Jafnframt að slíkur heyrnarfræðingur framkvæmi í raun heyrnarmælingar og veiti ráðgjöf um val á tækjum áður en til sölu kemur. Komi slíkar kröfur ekki fram í lögum óttast undirritaður að það geti orkað tvímælis að landlæknir geti mælt fyrir um slíkar nauðsynlegar hömlur á atvinnufrelsi.

Undirritaður er tilbúinn til þess að veita frekari útskýringar fyrir nefndinni sé eftir því leitað.

Virðingarfyllst,


Björn V. Þósson framkvæmdastjóri

Fylgiskjal I

(við umsögn Heyrnartækni um frumv. til laga um Heyrnar og- talmeinstöð, 274 mál)

Samantekt um kostnaðarþáttaka ríkisins við kaup á heyrnartækjum.

Frá árinu 2003 hefur kostnaðarþáttaka ríkisins á kaupum viðskiptavina Heyrnartækni einskorðast við 312 heyrnartæki árlega, sem eru lítið færri tæki en fyrirtækið seldi árið 2002. Þjónustusamningur milli Heyrnartækni og ríkisins um slíka kostnaðarþáttöku var fyrst undirritaður í maí árið 2003. Síðast var hann framlengdur 28. nóvember 2005 og gildir hann til ársloka 2006. Niðurgreiðslan er nú kr. 30.800 á hvert tæki. Frá því samningurinn var fyrst gerður hefur eftirspurn eftir niðurgreiddum heyrnartækjum hjá fyrirtækinu farið vaxandi og úthlutaður kvóti dugar nú skammt til að uppfylla þarfir heyrnarskertra. Nú er sú staða að einungis lítill hluti viðskiptavina Heyrnartækni hefur möguleika á að nýta sér greiðsluþáttöku ríkisins á heyrnartækjum á ársgrundvelli.

Heyrnartækni ber höfuðábyrgð á þjónustu við íbúa landsbyggðarinnar og veitir í dag reglulega þjónustu við heyrnarskerta á 17 stöðum¹ út um allt land auk þjónustu í Reykjavík. Eftir því sem næst verður komist veitir Heyrnar- og talmeinstöð Íslands einungis þjónustu í Reykjavík og á Akureyri.

Það er fyrir löngu orðið knýjandi að bæta hér úr enda felur núverandi fyrirkomulag, þar sem flestir viðskiptavina Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar njóta niðurgreiðslna en fæstir viðskiptavina Heyrnartækni, í sér bersýnilegt ójafnræði milli viðskiptavina Heyrnartækni og þeirra sem eiga viðskipti við Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Þetta þýðir í raun einnig ójafnræði milli heyrnarskertra á landsbyggðinni og þeirra sem búa nærri Reykjavík eða Akureyri. Jafnframt felur þetta, ásamt ýmsu öðru sem ekki er rúm til þess að rekja nánar hér, í sér ójafna rekstrarstöðu þessara seljanda, en það er þveröfugt við það sem stefnt var að við setningu laga 143/2001, sbr. álit heilbrigðis- og trygginganefndar frá því árið 2001 (127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 588 — 229. mál.)

¹ Stykkishólmur, Ísafjörður, Hvammstangi, Blönduós, Skagafjörður, Siglufjörður, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörður, Egilsstaðir, Neskaupsstaður, Selfoss, Vestmannaeyjar.